

Mánudaginn 22. mars 1976.

Nr. 58/1976. **Ákærvaldið**  
 gegn  
**Magnúsi Leopoldssyni.**

**D ó m e n d u r :**

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

**Dómur Hæstaréttar.**

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. mars 1976, sem barst Hæstarétti 16. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Af hálfu ríkissaksóknara er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, „þó með þeirri breytingu, að gæsluvarðhaldstíminn verði lengdur frá því, sem ákveðið er í hinum kærða úrskurði“.

Með úrskurði sakadóms Reykjavíkur 26. janúar 1976 var varnaraðilja gert að sæta 45 daga gæsluvarðhaldi, og var sá úrskurður staðfestur með dómi Hæstaréttar 3. febrúar 1976.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Krafa ákærvalds um lengingu gæsluvarðhaldstíma kemur ekki til álita, þar sem af hálfu ríkissaksóknara var ekki gætt ákvæða 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974, en vararíkissaksóknari sótti þing, þegar gæsluvarðhaldsúrskurðurinn var kveðinn upp.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

**D ó m s o r ð :**

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

### Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 11. mars 1976.

Ár 1976, fimmtudaginn 11. mars, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 19. nóvember 1974 hvarf Geirfinnur Einarsson frá Keflavík, og hefur hann ekki sést síðan.

Erla Bolladóttir, Sævar Marinó Ciecelski og Kristján Viðar Viðarsson hafa öll skýrt svo frá, að þau hafi eitt sinn farið til Keflavíkur og þar niður að Dráttarbraut Keflavíkur ásamt fleira fólki. Þeir Kristján Viðar og Sævar Ciecelski hafa sagt, að þeir hafi farið út á sjó með bát og í þeirri sjóferð hafi Geirfinnur Einarsson látið lífið. Erla Bolladóttir hefur hins vegar sagt, að hún hafi orðið hrædd og hlaupið í burtu og falið sig.

Þau hafa öll sagt, að meðal viðstaddra hafi verið Magnús Leopoldsson.

Kristján Viðar Viðarsson hefur síðan tekið aftur framburð sinn um þessa ferð til Keflavíkur og sjóferðina, en síðan hefur hann enn á ný gengist við ferðinni til Keflavíkur og niður í Dráttarbrautina. Telur hann, að þarna hafi verið statt fleira fólk, sem hann þekkir, en kveðst ekki koma fyrir sig, hverjir það voru.

Hinn 26. janúar sl. voru Einar Bollason, Valdimar Olsen og kærði, Magnús Leopoldsson, úrskurðaðir í allt að 45 daga gæsluvarðhald vegna rannsóknar máls þessa.

Af hálfu ákærvalds hefur þess verið krafist fyrir dómi, að gæsluvarðhaldsvist kærða, Magnúsar Leopoldssonar, verði framlengd í þágu rannsóknar málsins og að sakarefni máls þessa verði rannsökuð fyrir dómi. Af hálfu Magnúsar Leopoldssonar hefur kröfu þessari verið mótmælt.

Magnús Leopoldsson er grunaður um þátttöku í broti gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga og gegn 60. gr., sbr. 61. gr. laga nr. 59/1969, og getur brot hans varðað fangelsisrefsingu. Skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 um gæsluvarðhald er því fullnægt.

Rannsókn máls þessa er ekki lokið. Rétt þykir með vísan til 1. og 4. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 að framlengja gæsluvarðhald Magnúsar Leopoldssonar, á meðan rannsókn máls þessa verður fram haldið. Þarf meðal annars að fara fram dómsrannsókn og sakbendingar og samprófanir fyrir dómi.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

**Úrskurðarorð:**

Gæsluvarðhald kærða, Magnúsar Leopoldssonar, framlengist um 30 daga frá kl. 1111 11. mars 1976.

---

Mánudaginn 22. mars 1976.

Nr. 59/1976. **Ákærvaldið**  
 gegn  
**Valdimar Olsen.**

**Dómendur:**

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

**Dómur Hæstaréttar.**

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. mars 1976, sem barst Hæstarétti 16. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Af hálfu ríkissaksóknara er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, „þó með þeirri breytingu, að gæsluvarðhaldstíminn verði lengdur frá því, sem ákveðið er í hinum kærða úrskurði“.

Með úrskurði sakadóms Reykjavíkur 26. janúar 1976 var varnaraðilja gert að sæta 45 daga gæsluvarðhaldi, og var sá úrskurður staðfestur með dómi Hæstaréttar 3. febrúar 1976.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Krafa ákærvalds um lengingu gæsluvarðhaldstíma kemur ekki til álita, þar sem af hálfu ríkissaksóknara var ekki gætt ákvæða 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974,